

Kennsluáætlun 2020-2021

Námsgrein: Náttúrufræði

Bekkur: 6. og 7. bekkur

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustund á viku.

Kennarar: Guðrún Kristinsdóttir, Sóley Sigurðardóttir, Dúna Harðardóttir og Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag: Töflukennsla, samvinnunám, einstaklingskennsla/einstaklingsmiðað nám, sýnikennsla, umræður og verklegar æfingar.

Grunnpættir menntunar: Byggt á Aðalnámskrá grunnskóla - Almennur hluti 2011 – Greinasafn 2013

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpátta menntunar
Læsi	Að nemendur geti lesið í umhverfi sitt og það helsta í nánasta umhverfi og þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun.
Sjálfbærni	Að skapa náms- og vinnuumhverfi þar sem nemendur verða samábyrgir.
Heilbrigði og velferð	Að efla sjálfstæði nemenda í vinnu og námi og efla sjálfsmynd nemenda.
Lýðræði og mannréttindi	Að virða rétt allra nemenda og ákvarðanir teknar á lýðræðislegan hátt. Að taka tillit til þarfa einstakra nemenda og ábyrgðar þeirra á náminu.
Jafnrétti	Að hafa jafnrétti nemenda á ólíkum forsendum í fyrirrúmi, þar sem eiginleikar og þarfir hvers og eins eru hafðir að leiðarljósi.
Sköpun	Að nemendur vinni margvísleg verkefni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín. Að skapa tækifæri til að miðla verkum til annarra.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Nýsköpun, eðliðsfræði, efnafræði Tækni og framfarir Saga vísindanna Landið og lífríki	Auðvitað – Heimilið (6. bekkur) (Námsgagnastofnun) Tækni og framfarir (Námsgagnastofnun) Komdu með í uppfinningarferð - Nýsköpunarmennt (Námsgagnastofnun) Auðvitað- Á ferð og flugi 7. bekkur (Námsgagnastofnun) Líf á landi (námsgagnastofnun)	Að nemandi geti: • Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks • Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum • Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir • Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni • Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt. • Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum • Lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd • Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna Hæfniviðmið, sett inn í náttúrufræðina: ★ Þekkir einföld vinnubrögð vísindamanna ★ Beitir skipulögðum vinnubrögðum við öflun upplýsinga innan náttúruvísindanna ★ Þekki mismunandi vistkerfi/búsvæði og það lífríki sem er að finna á hverju svæði fyrir sig. M.a. plöntur og dýralíf, stöðu þeirra í náttúrunni og tengsl þeirra við umhverfið sitt.	Vinnuhefti: Nemendur búa sjálfir til vinnuhefti sem metið verður með sjálfsmati, foreldramati og kennaramati. Hópavinna: 2-3 klst. fara í verkefnið. Nemendur vinna 2-3 saman og velja sér tilraun sem þeir útfæra; • búa til lista yfir það sem þeir þurfa að nota í tilrauninni (afla sér efnis/gagna með aðstoð kennara). • Undirbúa tilraun og framkvæma • Skrifa skýrslu með tilgangi, efni og áhöldum, framkvæmd og niðurstöðum